

SAMÞYKKT**79**

26. maí

fyrir veiðifélag Hrófárfiskihverfis.**1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Hrófár-fiskihverfis. Heimili þess og varnarþing er sama og formanns.

2. gr.

Verkefni félagsins er að auka fiskgengd á félagssvæðinu með þeim ráðum, sem henta á hverjum tíma, að vinna að viðhaldi góðrar fiskgengdar á vatnasvæðinu, og að leigja veiðisvæðið til stangarveiði.

3. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að Hrófá, Arnkötuldalsá og Tröllatunguá, en þær eru Hrófá, Tungugröf, Tröllatunga, Arnkötuldalur og Vonarholt.

4. gr.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

5. gr.

Heimilt er félagsstjórninni að leigja veiði á félagssvæðinu einstökum mönnum eða félögum. Þó má slíkt leyfi ekki vera nema til eins árs í senn, nema lögmætur fundur samþykki og tekið hafi verið fram í fundarboði, að slíkt veiðileyfi verði til umræðu.

6. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfund til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl þannig, að formaður gengur út eftir eitt ár, annar meðstjórnandinn eftir tvö ár, og hinn eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið þrjú ár í stjórn. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið, og hinir hitt árið.

7. gr.

Stjórn félagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirlýsningu með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

8. gr.

Aðalfund heldur félagið í maímánuði ár hvert. Skal hann boðaður skriflega með minnst viku fyrirvara, og sé fundarefnis getið í fundarboðinu. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá. Afl atkvæða ræður úrslitum, nema um breytingar á samþykkt félagsins og gjaldskrá, samanber 11. og 13. grein. Ef jöfn eru atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum.

79

26. maí

9. gr.

Aukafund heldur stjórnin, þegar henni þykir ástæða til, eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, gjaldskrá, fundargerðir og bréf.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmætur fundur hefur samþykkt og undirrituð er af minnsta kosti $\frac{2}{3}$ félagsmanna. Gildir hún til 5 ára. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

12. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt lögum og skal sektarféð renna í sýslusjóð. Fara skal með mál út af brotum sem almenn lögreglumál.

13. gr.

Samþykkt félagsins verður ekki breytt nema með samþykki $\frac{2}{3}$ félagsmanna.

14. gr.

Félaginu má slíta, ef $\frac{2}{3}$ félagsmanna samþykkja það á tveimur lögmætum félagsfundum í röð, sem boðaðir séu í þeim eina tilgangi, og skal ekki liða skemmra milli funda en mánaðartími.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. maí 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Árni G. Eylands.

80

1. júní

REGLUR

um flutning á ammoniumnitrátáburði í skipum.

Samkvæmt 40. gr. laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, eru hér með settar eftirfarandi reglur um flutning á ammoniumnitrátáburði með skipum.

1. gr.

Ammoniumnitrátáburður kallast í reglum þessum smákristallað ammonium-nitrat ($\text{NH}_4 \text{NO}_3$), sem er kornað og kornin húðuð með kisiljörð eða öðrum við-eigandi ólífrænum efnum.

2. gr.

Ammoniumnitrátáburð má einungis flytja í viðurkenndum umbúðum, sem eru það vel lokaðar, að ekki er hætt á, að úr umbúðunum sáldrist við flutninginn.

Viðurkenndar umbúðir eru:

- a. Vel lokuð gler- eða leirilát.
- b. Vel lokaðar dósir eða stáldúncar.